

## Fyrirspurn

til landbúnaðarráðherra um innflutning á landbúnaðarvörum.

Frá Þuríði Backman.

1. Hver er afstaða ráðherra til innflutnings á kjöti frá Argentínu með tilliti til þess að á nokkrum landsvæðum þar hefur nú, í annað sinn á fimm árum, komið upp gin- og klaufaveiki í nautgripum?
2. Hefur ráðherra í hyggju að setja frekari reglur um innflutning á landbúnaðarvörum frá löndum þar sem hættulegir búfjár sjúkdómar hafa komið upp, svo sem um það hve langur tími skuli líða frá því að síðasta tilfelli greindist þar til innflutningsleyfi fást afgreidd?